

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatnsgjald og stofngjald vatnsveitu í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Bakkagerðisþorpi sem tengdar eru við vatnsveitu þorpsins ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs.

Vatnsgjald skal innheimta árlega með fasteignagjöldum.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir og lóðir skal vera fasteignamat þeirra.

Af öllum fasteignum og lóðum sem eru gjaldskyldar skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,3% af álagningarstofni.

Hámarksálagning á hverja fasteign aðra en fiskverkunarhús skal þó vera kr. 12.000.

3. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveituna í Bakkagerðisþorpi. Greiða skal í stofngjald kr. 100 pr. m<sup>3</sup> íbúðarhúsa og kr. 50 pr. m<sup>3</sup> annarra húsa, hvorttveggja miðað við byggingarvísitölu 316.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að undangengnum tveimur umræðum 2. janúar og 23. janúar 2006. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

*Borgarfirði, 24. febrúar 2006.*

**Magnús Þorsteinsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2006